

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/480****2018/EES/25/26****frá 1. apríl 2016****um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafræna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum og um
niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009 er hvert aðildarríki skuldbundið til að halda rafræna landsskrá yfir flutningafyrirtæki á vegum sem lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til að starfa sem flutningsaðili á vegum. Viðeigandi gögn í rafrænu landsskránum skulu gerð aðgengileg öllum lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna. Í 5. og 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) 1071/2009 er þess krafist að eigi síðar en 31. desember 2012 eigi að vera lokið við að samtengja rafrænar landsskrár og er framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja sameiginlegar reglur varðandi slíka samtengingu. Á grundvelli þessa umboðs samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð (ESB) nr. 1213/2010 ⁽²⁾ til að greiða fyrir samtengingu rafræna landsskráa með því að nota boðskiptakerfi sem nefnist ERRU-kerfið (Evrópskar skrár yfir flutningafyrirtæki á vegum (e. *European Registers of Road Transport Undertakings*)). Hið síðarnefnda var tekið í notkun 31. desember 2012.
- 2) Á þeim þrem árum sem ERRU-kerfið hefur verið í notkun hefur framkvæmdastjórnin, ásamt sérfræðingum frá aðildarríkjunum, greint ákvæðinn fjölda atriða í tengslum við raunverulega notkun ERRU-kerfisins sem samrýmist ekki að fullu stjórnsýslumeðferðinni sem innleidd hefur verið í aðildarríkjunum.
- 3) Því er nauðsynlegt að ráða bót á þeim annmörkum sem hafa greinst við daglega notkun ERRU-kerfisins og aðlaga kerfið að viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) 1071/2009, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 ⁽³⁾ og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 ⁽⁴⁾ sem og tryggja að lögbær yfirvöld í gervöllu Evrópusambandinu noti ERRU-kerfið á sama hátt. Enn fremur er nauðsynlegt að aðlaga gildandi reglur að framförum í tækni og vísindum.
- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/403 ⁽⁵⁾ um flokkun alvarlegra brota á reglum Sambandsins er sett fram ný skrá yfir flokka, tegundir og alvarleika alvarlegra brota á reglum Sambandsins sem geta, til viðbótar við brotin sem sett eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009, leitt til þess að óflekkað mannorð flutningafyrirtækis eða flutningastjóra skaðast. Það er því nauðsynlegt að ERRU-kerfið geti sent upplýsingar um nýju skrána yfir brot.
- 5) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og einkum er mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽⁶⁾, gilda um vinnslu á öllum persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009. Aðildarríkin verða einkum að innleiða viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun persónuupplýsinga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1213/2010 frá 16. desember 2010 um sameiginlegar reglur varðandi samtengingu rafræna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum (Stjtið. ESB L 335, 18.12.2010, bls. 21).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/403 frá 18. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 að því er varðar flokkun alvarlegra brota á reglum Sambandsins, sem geta leitt til þess að óflekkað mannorð flutningsaðila á vegum skaðast, og um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB (Stjtið. ESB L 74, 19.3.2016, bls. 8).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

- 6) Ákvæðin um verndun persónuupplýsinga, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽¹⁾ gilda, eftir atvikum, um vinnslu á öllum persónuupplýsingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1071/2009.
- 7) Sökum umtalsverðra breytinga, sem gera ætti á sameiginlegu reglunum til að tengja saman rafrænar landsskrár, er nauðsynlegt að ný gerð komi í stað reglugerðar (ESB) nr. 1213/2010. Því ætti að fella reglugerð (ESB) nr. 1213/2010 úr gildi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur varðandi tengingu rafrænna landsskráa yfir flutningafyrirtæki á vegum við ERRU-kerfið, eins og sett er fram í 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari reglugerð sem hér segir:

- a) „ERRU“ (e. *European Registers of Road Transport Undertakings*): kerfi samtengdra rafrænna landsskráa sem sett er upp í samræmi við 5. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009,
- b) „ósamstillt viðmót“ (e. *asynchronous interface*): ferli þar sem skilaboð, sem eru svar við beiðni, eru send til baka með því að nota nýja HTTP-tengingu,
- c) „almenn leit“ (e. *broadcast search*): beiðni frá aðildarríki sem send er til allra hinna aðildarríkjana,
- d) „miðlægt netald“ (e. *central hub*): upplýsingakerfi sem gerir kleift að beina ERRU-skilaboðum til aðildarríkja,
- e) „vottorð um starfshæfni“ (CPC): vottorð um starfshæfni, eins og um getur í 8. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009,
- f) „aðildarríki þar sem brotið var framið“: aðildarríkið þar sem flutningafyrirtæki braut af sér,
- g) „staðfestuaðildarríki“: aðildarríki þar sem fyrirtæki er með staðfestu,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhfæfingu tiltekinnna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

- h) „landskerfi“: upplýsingakerfi sem komið er á fót í hverju aðildarríki í þeim tilgangi að senda, vinna úr og svara ERRU-skilaboðum,
- i) „samstillt viðmót“ (e. *synchronous interface*): ferli þar sem skilaboð, sem eru svar við beiðni, eru send til baka með því að nota sömu HTTP-tenginguna og notuð var fyrir beiðnina,
- j) „aðildarríki sem leggur fram beiðni“: aðildarríki sem sendir beiðni eða tilkynningu sem síðan er beint til aðildarríkja sem svara,
- k) „aðildarríki sem svarar“: aðildarríki sem ERRU-beiðninni eða -tilkynningunni er beint til.

3. gr.

Skyldan að tengjast ERRU-kerfinu

Aðildarríkin skulu tengja rafrænu landsskráran, sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009, við ERRU-kerfið í samræmi við ferlin og tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. gr.

Tækniforskriftir

ERRU-kerfið skal uppfylla tækniforskriftirnar sem mælt er fyrir um í I.-VII. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Notkun ERRU-kerfisins

1. Með því að nota ERRU-kerfið við skipti á upplýsingum skulu lögbær yfirlit fylgja þeim ferlum sem sett eru fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.
2. Aðildarríkin skulu veita eftirlitsaðilum sínum, sem annast vegæftirlit, aðgang að aðgerðinni „Athugun á Bandalagsleyfi“ (e. *Check Community Licence*) í ERRU-kerfinu.
3. Í þeim tilvikum þar sem margir landsbundnir eftirlitsaðilar koma að vegæftirliti skulu aðildarríkin ákveða hverjum þeirra skuli veita aðganginn sem um getur í 2. mgr.

6. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 1213/2010 er hér með felld úr gildi frá og með þeim degi er reglugerð þessi kemur til framkvæmda. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENN ATRÍÐI ERRU-KERFISINS

1. HÖGUN

ERRU-kerfið skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:

- 1.1. miðlægu netaldi sem getur tekið við beiðni frá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni, fullgilt hana og unnið úr henni með því að senda hana til aðildarríkjanna sem svara, miðlæga netaldið mun bíða eftir svari frá hverju aðildarríki sem svarar, steypa öllum svörunum saman og senda samsætta svarið til aðildarríkisins sem lagði fram beiðnina;
- 1.2. landskerfi í hverju aðildarríki sem skal hafa viðmót sem getur bæði sent beiðnir til miðlæga netaldsins og tekið við samsvarandi svörum, landskerfin geta notað hugbúnað, sem er háður einkaleyfi eða sem fæst á markaði, til að senda og taka á móti skilaboðum frá miðlæga netaldinu;
- 1.3. sem annan valkost við lið 1.1 geta aðildarríkin valið að nota samrýmanlegt, almennt netkerfi til að skiptast á skilaboðum sín á milli, í slíku tilviki mun hvert lögbært yfirvald senda tölfraðilegar upplýsingar um skilaboð, sem skipst er á innan þessa nets, inn í miðlæga netaldið.

2. UMSJÓN

- 2.1. Miðlæga netaldið skal vera í umsjón framkvæmdastjórnarinnar sem skal bera ábyrgð á tæknilegum rekstri og viðhaldi þess.
- 2.2. Ekki skal geyma gögn í miðlæga netaldinu lengur en í sex mánuði, að undanskildum þeim skráningar- og tölfraðigögnum sem tilgreind eru í VII. viðauka.
- 2.3. Ekki skal veita neinum aðgang að persónuupplýsingum í miðlæga netaldinu nema viðurkenndu starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar, þegar nauðsyn krefur, vegna viðhalds og bilanaleitar.
- 2.4. Aðildarríki skulu bera ábyrgð á:
 - 2.4.1. uppsetningu og umsjón með eigin landskerfum, þ.m.t. viðmótinu sem snýr að miðlæga netaldinu,
 - 2.4.2. uppsetningu og viðhaldi eigin landskerfa, bæði vélbúnaði og hugbúnaði, hvort sem hann er háður einkaleyfi eða fíánlegur á markaði,
 - 2.4.3. réttu rekstrarsamhæfi eigin landskerfa við miðlæga netaldið, þ.m.t. umsjón með villuboðum sem móttekin eru frá miðlæga netaldinu,
 - 2.4.4. að gera allar ráðstafanir til að tryggja leynd, heilleika og aðgengileika upplýsinganna,
 - 2.4.5. rekstri landskerfanna í samræmi við þjónustustigin sem sett eru fram í VI. viðauka.

2.5. MOVEHUB-vefgáttin

Framkvæmdastjórnin skal bjóða upp á vefhugbúnað með öruggum aðgangi sem kallast „MOVEHUB-vefgáttin“ og veitir a.m.k. eftirfarandi þjónustu:

- a) tölfraðilegar upplýsingar um aðgengi að landskerfum aðildarríkjanna,
- b) tilkynningar um viðhald á miðlæga netaldinu og landskerfum aðildarríkjanna,
- c) samsafn skýrslna,

- d) umsjón með tengiliðum
 - e) XSD-gerðarlýsingar.
- 2.6. Umsjón með tengiliðum

Aðgerðin „umsjón með tengiliðum“ mun gera hverju aðildarríki kleift að stjórna tengiliðaupplýsingum varðandi notendur í því aðildarríki, hvort sem notkunin er vegna stefnumótunar eða í viðskiptalegum, rekstrarlegum eða tæknilegum tilgangi og er það á ábyrgð lögbærra yfirvalda í hverju aðildarríki að viðhalda tengiliðaupplýsingum sínum. Hægt skal vera að skoða tengiliðaupplýsingar annarra aðildarríkja en ekki breyta þeim.

II. VIÐAUKI

AÐGERÐIR ERRU-KERFISINS

1. Eftirfarandi aðgerðir eru mögulegar með því að nota ERRU-kerfið:
 - 1.1. Athugun á óflekkuðu mannorði (e. *Check Good Repute*, CGR): gerir aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, kleift að senda einu eða öllum aðildarríkjunum, sem svara beiðni, fyrirspurn til að ákvarða hvort flutningastjóri sé hæfur til starfa og þar með að hafa undir höndum leyfi til að starfrækja flutningafyrirtæki.
 - 1.2. Tilkynning um brot (e. *Infringement Notification*, INF): gerir aðildarríkinu, þar sem brotið var framið, kleift að tilkynna staðfestuaðildarríkinu um að flutningafyrirtækið hafi gerst sekt um alvarlegt brot, eins og um getur í b-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009. Það gerir aðildarríkinu, þar sem brotið var framið, einnig kleift að óska eftir því að flutningafyrirtækið sæti viðurlögum í staðfestuaðildarríkinu.
 - 1.3. Athugun á Bandalagsleyfi (e. *Check Community Licence*, CCL): gerir aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, kleift að senda aðildarríkinu, sem svarar beiðni (þ.e. staðfestuaðildarríkinu), fyrirspurn til að ákvarða hvort flutningafyrirtæki hafi gilt Bandalagsleyfi.
2. ERRU-kerfið skal einnig ná yfir aðrar gerðir skilaboða sem teljast hæfa skilvirkri starfsemi kerfisins, t.d. villutilkynningar.

*III. VIÐAUKI***ÁKVÆÐI UM ERRU-SKILABOÐ**

1. ALMENNAR TÆKNILEGAR KRÖFUR
 - 1.1. Miðlæga netaldið mun bjóða upp á bæði samstillt og ósamstillt viðmót til að skiptast á skilaboðum. Aðildarríki geta valið þá tækni sem best hæfir sem viðmót fyrir hugbúnað þeirra.
 - 1.2. Öll skilaboð, sem skipst er á milli miðlæga netaldsins og landskerfisins, skulu kóðuð með UTF-8-stafakóðun.
 - 1.3. Aðildarríki skulu sjá til þess að landskerfi þeirra geti tekið á móti og unnið úr skilaboðum sem innihalda grísk eða kýrilísk rittákn.
2. UPPBYGGING XML-SKILABOÐA OG SKILGREINING XML-GERÐARLÝSINGAR (XSD)
 - 2.1. Almenn uppbygging XML-skilaboða skal fylgja sniðinu sem skilgreint er í XSD-gerðarlýsingunum sem uppsettar eru á miðlæga netaldiru.
 - 2.2. Miðlæga netaldið og landskerfin skulu senda og taka á móti skilaboðum sem samrýmast XSD-gerðarlýsingunni fyrir skilaboð.
 - 2.3. Landskerfin munu geta sent, tekið á móti og unnið úr öllum skilaboðum sem samsvara þeim aðgerðum sem settar eru fram í II. viðauka.
 - 2.4. XML-skilaboðin skulu að lágmarki uppfylla lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í viðbætinum við þennan viðauka.

Viðbætur

Lágmarkskröfur um innihald XML-skilaboða

	Sameiginlegur haus	Skyldubundið
Útgáfa (e. <i>version</i>)	Opinber útgáfa XML-forskriftanna mun verða tilgreind í nafnaryminu, sem skilgreint er í XSD-hluta skilaboðanna, og í eigindinni <i>útgáfa</i> í haus allra XML-skilaboða. Útgáfunúmerið („n.m“) mun verða skilgreint sem fast gildi í hverri útgáfu skrárinnar með skilgreiningunni á XML-gerðarlýsingunni (xsd).	Já
Prófunarauðkenni (e. <i>Test Identifier</i>)	Valkvætt auðkenni til prófunar. Upphafsaðili prófunarinnar mun fylla út auðkennið og allir þátttakendur í verkflæðinu munu framsenda/senda til baka sama auðkennið. Við hefðbundna vinnslu ætti að líta fram hjá því og ef það er fyrir hendi verður það ekki notað.	Nei
Tækni-auðkenni (e. <i>Technical Identifier</i>)	Einstakt auðkenni (e. universally unique identifier (UUID)) sem auðkennir sérhver skilaboð. Sendandinn býr til einstakt auðkenni og fyllir út þessa eigind. Þessi gögn eru ekki notuð í neinum viðskiptalegum tilgangi.	Já
Verkflæðisauðkenni (e. <i>Workflow Identifier</i>)	Verkflæðisauðkennið er einstakt auðkenni (UUID) og ætti aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, að búa það til. Þetta auðkenni er notað í öllum skilaboðum til að tryggja samsvörun í verkflæðinu.	Já
Tímasetning sendingar (e. <i>Sent At</i>)	Dag- og tímasetning (alheimstími) þegar skilaboðin voru send.	Já
Tímalokun (e. <i>Timeout</i>)	Þessi eigind með dag- og tímasetningu (á alheimstímasniði) er valkvæð. Netaldið mun aðeins setja þetta gildi fyrir framsendar beiðnir. Þetta upplýsir aðildarríkið, sem svarar beiðni, um hvenær tímalokun muni verða beitt á beiðni. Þessa gildis er hvorki krafist í MS2TCN_<x>_Req né heldur í öllum svarskilaboðum. Gildið er valkvætt svo hægt sé að nota sömu skilgreininguna í haus allra gerða skilaboða, óháð því hvort eigindarinnar „timeoutValue“ sé krafist eða ekki.	Nei
Frá (e. <i>from</i>)	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkisins, sem sendir skilaboðin, eða „ESB“.	Já
Til (e. <i>to</i>)	ISO 3166-1 alfa-2-kóði aðildarríkisins, sem skilaboðin eru send til, eða „ESB“.	Já

Athugun á óflekkuðu mannorði

	Beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði	Skyldubundið
Málsaúðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem auðkennir hverja beiðni.	Já
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni (e. <i>Requesting Competent Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem hefur lagt fram beiðni um leit.	Já
Upplýsingar um flutningastjóra		Já, ef það vantar upplýsingar um vottorð um starfshæfni (CPC)
Kenninafn (e. <i>Family Name</i>)	Kenninafn eða -nöfn flutningastjóra, eins og fram kemur á vottorðinu um starfshæfni.	Já

Beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði		Skyldubundið
Eiginnafr (e. <i>First Name</i>)	Fullt eiginnafr flutningastjóra, eins og fram kemur á vottorðinu um starfshæfni.	Já
Fæðingardagur og -ár (e. <i>Date of Birth</i>)	Fæðingardagur og -ár flutningastjóra, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Já
Fæðingarstaður (e. <i>Place of Birth</i>)	Fæðingarstaður flutningastjóra.	Nei
<i>Upplýsingar um vottorð um starfshæfni</i>		<i>Já, ef það vantar upplýsingar um flutningastjóra</i>
Númer vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC Number</i>)	Númer vottorðs um starfshæfni	Já
Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC Issue Date</i>)	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni á sniði samkvæmt ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Já
Útgáfuland vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC issue country</i>)	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út á alfa-2-sniði samkvæmt ISO 3166-1.	Já
Svar við beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði (e. <i>Check Good Repute Response</i>)		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem samsvarar málsauðkenni beiðninnar.	Já
Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni (e. <i>Requesting Competent Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem hefur lagt fram beiðni um leit.	Já
Lögbært yfirvald sem svarar beiðni (e. <i>Responding Competent Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem hefur svarað beiðni um leit.	Já
Stöðukóði (e. <i>Status Code</i>)	Stöðukóði leitarinnar (t.d. finnst, finnst ekki, villa o.s.frv.).	Já
Stöðuboð (e. <i>Status Message</i>)	Útskýring á stöðulýsingu (ef þörf er á).	Nei
<i>Fundnar upplýsingar um flutningastjóra (e. Found Transport Manager Details)</i>		<i>Já, ef stöðukóði finnst</i>
Kenninnafr (e. <i>Family Name</i>)	Kenninnafr eða -nöfn flutningastjóra, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Eiginnafr (e. <i>First Name</i>)	Fullt eiginnafr flutningastjóra, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Fæðingardagur og -ár (e. <i>Date of Birth</i>)	Fæðingardagur og -ár flutningastjóra, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD), eins og tilgreint er í skránni.	Já
Fæðingarstaður (e. <i>Place of Birth</i>)	Fæðingarstaður flutningastjóra, eins og tilgreint er í skránni.	Já

Svar við beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði (e. <i>Check Good Repute Response</i>)		Skyldubundið
Númer vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC Number</i>)	Númer vottorðs um starfshæfni, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC Issue Date</i>)	Útgáfudagur vottorðs um starfshæfni, gefinn upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD), eins og tilgreint er í skránni.	Já
Útgáfuland vottorðs um starfshæfni (e. <i>CPC Issue Country</i>)	Land þar sem vottorð um starfshæfni er gefið út á alfa-2-sniði sem samrýmist ISO 3166-1, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Heildarfjöldi fyrirtækja sem stjórnað er (e. <i>Total Managed Undertakings</i>)	Sá fjöldi flutningafyrirtækja sem flutningastjórinn er ábyrgur fyrir.	Já
Heildarfjöldi ökutækja sem stjórnað er (e. <i>Total Managed Vehicles</i>)	Sá fjöldi ökutækja sem flutningastjórinn er ábyrgur fyrir.	Já
Hæfi (e. <i>fitness</i>)	Yfirlýsing um annaðhvort „hæfi“ eða „óhæfi“.	Já
Dagsetning þegar yfirlýsing um óhæfi fellur úr gildi (e. <i>End Date of Unfitness</i>)	Dagsetning þegar flutningastjóri telst ekki lengur óhæfur, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD). Á við ef tilgreiningin er „óhæfur“.	Nei
Leitaraðferð (e. <i>Search Method</i>)	Sú aðferð sem notuð er til að finna flutningastjóran: NYSIIS, CPC, eigin aðferðir.	Já
<i>Flutningafyrirtæki (fyrir hvern flutningastjóra sem finnst)</i>		<i>Já, ef fyrirtækin sem stjórnað er > 0</i>
Heiti flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Name</i>)	Heiti flutningafyrirtækis (heiti og rekstrarform), eins og tilgreint er í skránni.	Já
Heimilisfang flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Address</i>)	Heimilisfang flutningafyrirtækis (heimilisfang, póstnúmer, borg, land), eins og tilgreint er í skránni.	Já
Númer Bandalagsleyfis (e. <i>Community Licence Number</i>)	Raðnúmer Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Staða Bandalagsleyfis (e. <i>Community Licence Status</i>)	Staða Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Ökutæki sem stjórnað er (e. <i>managed vehicles</i>)	Fjöldi ökutækja sem er stjórnað, eins og tilgreint er í skránni.	Já

Tilkynning um brot

Beiðni um tilkynningu um brot		Skyldubundið
Málsaðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem auðkennir hverja beiðni.	Já
Tilkynningaryfirvald	Lögbært yfirvald sem gefur út tilkynningu um brot.	Já

Beiðni um tilkynningu um brot		Skyldubundið
<i>Flutningafyrirtæki</i>		<i>Já</i>
Heiti flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Name</i>)	Heiti flutningafyrirtækis sem brotið er skráð á.	Já
Númer Bandalagsleyfis (e. <i>Community Licence Number</i>)	Raðnúmer á staðfestu eintaki Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins.	Já
Skráningarnúmer ökutækis (e. <i>Vehicle Registration Number</i>)	Skráningarnúmer þess ökutækis sem brotið var framið í.	Já
Skráningarland ökutækis (e. <i>Vehicle Registration Country</i>)	Landið þar sem ökutækið er skrásett.	Já
<i>Alvarlegt brot</i>		<i>Já</i>
Dagsetning brots (e. <i>Date of Infringement</i>)	Dagsetning brots á sniði sem samrýmist ISO 8601. (ÁÁÁÁ-MM-DD)	Já
Flokkur (e. <i>category</i>)	Flokkur brots: — AAB — allra alvarlegustu brotin — MAB — mjög alvarleg brot — AB — alvarleg brot	Já
Tegund brots (e. <i>Infringement Type</i>)	Í samræmi við flokkunina sem kveðið er á um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1071/2009 og I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/403.	Já
Dagsetning athugunar (e. <i>Date of Check</i>)	Dagsetning athugunar þar sem fullvissa fæst um brot, á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Já
<i>Viðurlögum sem hefur verið beitt (fyrir hvert alvarlegt brot)</i>		<i>Já</i>
Auðkenni viðurlaga sem er beitt (e. <i>Penalty Imposed Identifier</i>)	Raðnúmer einstakra viðurlaga sem er beitt.	Já
Dagsetning endanlegrar ákvörðunar (e. <i>Final Decision Date</i>)	Dagsetning endanlegrar ákvörðunar um viðurlögin, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Já
Tegund viðurlaga sem er beitt (e. <i>Penalty Type Imposed</i>)	Yfirlýsing um eftirfarandi: — 101 — „Viðvörðun“ — 201 — „Tímabundið bann við gestaflutningum“ (e. <i>Temporary ban on cabotage operations</i>) — 202 — „Sekt“ (e. <i>Fine</i>) — 203 — „Bann“ (e. <i>Prohibition</i>) — 204 — „Kyrretning“ (e. <i>Immobilisation</i>) — 102 — „Annað“ (e. <i>Other</i>)	Já

Beiðni um tilkynningu um brot		Skyldubundið
Upphafsdagsetning (e. <i>Start Date</i>)	Upphafsdagsetning viðurlaga, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Nei
Lokadagsetning (e. <i>End Date</i>)	Lokadagsetning viðurlaga, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Nei
Framkvæmd viðurlaga (e. <i>Is Executed</i>)	Já/nei	Já
<i>Viðurlög sem farið er fram á (fyrir hvert alvarlegt brot)</i>		<i>Nei</i>
Auðkenni viðurlaga sem farið er fram á (e. <i>Penalty Requested Identifier</i>)	Raðnúmer einstakra viðurlaga sem farið er fram á.	Já
Tegund viðurlaga sem farið er fram á (e. <i>Penalty Type Requested</i>)	Yfirlýsing um eftirfarandi: — 101 — „Viðvörðun“ (e. <i>Warning</i>) — 301 — „Tímabundin afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Temporary withdrawal of some or all of the certified true copies of the Community licence</i>) — 302 — „Varanleg afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurritum af Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Permanent withdrawal of some or all of the certified true copies of the Community licence</i>) — 303 — „Tímabundin afturköllun á Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Temporary withdrawal of the Community licence</i>) — 304 — „Varanleg afturköllun á Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Permanent withdrawal of the Community licence</i>) — 305 — „Tímabundin frestun á útgáfu ökumannsvottorða“ (e. <i>Suspension of the issue of driver attestations</i>) — 306 — „Afturköllun ökumannsvottorða“ (e. <i>Withdrawal of driver attestations</i>) — 307 — „Viðbótarskilyrði sett fyrir útgáfu ökumannsvottorða til að koma í veg fyrir misnotkun“ (e. <i>Issue of driver attestations subject to additional conditions in order to prevent misuse</i>)	Já
Tímalengd (e. <i>duration</i>)	Tímalengd viðurlaga sem farið er fram á (almanaksdagar).	Nei
Svar við tilkynningu um brot (e. <i>Infringement Notification Response</i>)		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem samsvarar málsauðkenni beiðninnar.	Já
Upprunayfirvald (e. <i>Originating Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem gaf út upprunalegu tilkynninguna um brot.	Já
Leyfisyrirvald (e. <i>Licensing Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem svarar tilkynningunni um brot.	Já
Stöðukóði (e. <i>Status Code</i>)	Stöðukóði svars við tilkynningu (t.d. finnst, finnst ekki, villa o.s.frv.).	Já
Stöðuboð (e. <i>Status Message</i>)	Útskýring á stöðulýsingu (ef þörf er á).	Nei

Svar við tilkynningu um brot (e. <i>Infringement Notification Response</i>)		Skyldubundið
Flutningafyrirtæki		Já
Heiti flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Name</i>)	Heiti flutningafyrirtækis, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Viðurlögum sem hefur verið beitt		Nei
Auðkenni viðurlaga sem er beitt (e. <i>Penalty Imposed Identifier</i>)	Raðnúmer einstakra viðurlaga sem er beitt (gefið upp undir „auðkenni viðurlaga sem farið er fram á“ í tilkynningunni um brot).	Já
Yfirvald sem beitir viðurlögum (e. <i>Authority Imposing Penalty</i>)	Heiti yfirvaldsins sem beitir viðurlögum.	Já
Viðurlögum hefur verið beitt (e. <i>Is Imposed</i>)	Já/Nei	Já
Tegund viðurlaga sem er beitt (e. <i>Penalty Type Imposed</i>)	Yfirlýsing um eftirfarandi: — 101 — „Viðvörðun“ (e. <i>Warning</i>) — 301 — „Tímabundin afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurrítum af Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Temporary withdrawal of some or all of the certified true copies of the Community licence</i>) — 302 — „Varanleg afturköllun á sumum eða öllum staðfestum, réttum endurrítum af Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Permanent withdrawal of some or all of the certified true copies of the Community licence</i>) — 303 — „Tímabundin afturköllun á Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Temporary withdrawal of the Community licence</i>) — 304 — „Varanleg afturköllun á Bandalagsleyfinu“ (e. <i>Permanent withdrawal of the Community licence</i>) — 305 — „Tímabundin frestun á útgáfu ökumannsvottorða“ (e. <i>Suspension of the issue of driver attestations</i>) — 306 — „Afturköllun ökumannsvottorða“ (e. <i>Withdrawal of driver attestations</i>) — 307 — „Viðbótarskilyrði sett fyrir útgáfu ökumannsvottorða til að koma í veg fyrir misnotkun“ (e. <i>Issue of driver attestations subject to additional conditions in order to prevent misuse</i>) — 102 — „Annað“	Já
Upphafsdagsetning (e. <i>Start Date</i>)	Upphafsdagsetning viðurlaga, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Nei
Lokadagsetning (e. <i>End Date</i>)	Lokadagsetning viðurlaga, gefin upp á sniði sem samrýmist ISO 8601 (ÁÁÁÁ-MM-DD).	Nei
Ástæða (e. <i>reason</i>)	Ástæða þess að viðurlögum er ekki beitt.	Nei
Staðfesting á tilkynningu um brot (e. <i>Infringement Notification Acknowledgement</i>)		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem samsvarar málsauðkenni tilkynningarinnar eða svarsins.	Já
Stöðukóði (e. <i>Status Code</i>)	Stöðukóði staðfestingarinnar.	Já

Staðfesting á tilkynningu um brot (e. <i>Infringement Notification Acknowledgement</i>)		Skyldubundið
Stöðubod (e. <i>Status Message</i>)	Strengur stöðuboda (e. <i>Status Message String</i>)	Nei
Upprunayfirvald (e. <i>Originating Authority</i>)	Fyrir staðfestingu á tilkynningu um brot (IN_Ack): í löggjöfnum samsvarar þessi reitur „Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað“. Fyrir staðfestingu á svari við tilkynningu um brot (IR_Ack): í löggjöfnum samsvarar þessi reitur „Auðkenni lögbærs yfirvalds sem staðfestir“.	Já
Leyfisyrirvald (e. <i>Licensing Authority</i>)	Fyrir staðfestingu á tilkynningu um brot (IN_Ack): í löggjöfnum samsvarar þessi reitur „Auðkenni lögbærs yfirvalds sem staðfestir“. Fyrir staðfestingu á svari við tilkynningu um brot (IR_Ack): í löggjöfnum samsvarar þessi reitur „Auðkenni lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstað“.	Já
Tegund staðfestingar (e. <i>acknowledgement type</i>)	Skilgreining á tegund staðfestingar (e. <i>defining acknowledgement type</i>) Möguleg gildi: — „IN_Ack“ — „IR_Ack“	Já

Athugun á Bandalagsleyfi (e. *Check Community Licence*)

Beiðni um athugun á Bandalagsleyfi (e. <i>Check Community Licence Request</i>)		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem auðkennir hverja beiðni.	Já
Upprunayfirvald (e. <i>Originating Authority</i>)	Yfirvald sem lagði fram beiðni um leit.	Nei
<i>Flutningafyrirtæki</i>		Já
Heiti flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Name</i>)	Heiti flutningafyrirtækisins sem óskað er eftir upplýsingum um Bandalagsleyfi fyrir.	Já
Númer Bandalagsleyfis (e. <i>Community Licence Number</i>)	Raðnúmer á staðfestu eintaki Bandalagsleyfisins sem óskað er eftir upplýsingum um.	Já
Skráningarnúmer ökutækis (e. <i>Vehicle Registration Number</i>)	Skráningarnúmer ökutækis sem staðfest eintak af Bandalagsleyfi er gefið út fyrir.	Nei

Svar við beiðni um athugun á Bandalagsleyfi (e. <i>Check Community Licence Response</i>)		Skyldubundið
Málsauðkenni (e. <i>Business Case Identifier</i>)	Rað- eða tilvísunarnúmer sem auðkennir hverja beiðni.	Já
Upprunayfirvald (e. <i>Originating Authority</i>)	Lögbært yfirvald sem lagði fram beiðni um leit.	Nei
<i>Flutningafyrirtæki</i>		Já
Heiti flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Name</i>)	Heiti flutningafyrirtækis (heiti og rekstrarform), eins og tilgreint er í skránni.	Já

Svar við beiðni um athugun á Bandalagsleyfi (e. <i>Check Community Licence Response</i>)		Skyldubundið
Heimilisfang flutningafyrirtækis (e. <i>Transport Undertaking Address</i>)	Heimilisfang flutningafyrirtækis (heimilisfang, póstnúmer, borg, land), eins og tilgreint er í skránni.	Já
<i>Upplýsingar um Bandalagsleyfi (e. Community Licence Details)</i>		<i>Já</i>
Leyfisnúmer (e. <i>Licence Number</i>)	Raðnúmer á Bandalagsleyfi flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni.	Já
Staða leyfis (e. <i>Licence Status</i>)	Staða Bandalagsleyfis flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni: — „Virkt“ — „Fellt tímabundið úr gildi“ — „Afturkallað“ — „Fallið úr gildi“ — „Tapað/stolið“ — „Ógilt“ — „Skilað“	Já
Tegund leyfis (e. <i>Licence Type</i>)	Tegund Bandalagsleyfis, eins og tilgreint er í skránni. Yfirlýsing um: — „Bandalagsleyfi fyrir farþegaflutninga“ — „Landsbundið leyfi fyrir farþegaflutninga“ — „Bandalagsleyfi fyrir vöruflytninga“ — „Landsbundið leyfi fyrir vöruflytninga“	Já
Upphafsdagsetning (e. <i>Start Date</i>)	Upphafsdagsetning Bandalagsleyfis.	Já
Dagsetning niðurfellingar (e. <i>Expiry Date</i>)	Dagsetning þegar Bandalagsleyfi fellur úr gildi.	Já
Dagsetning afturköllunar (e. <i>Withdrawal Date</i>)	Dagsetning afturköllunar Bandalagsleyfis.	Nei
Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar (e. <i>Suspension Date</i>)	Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar Bandalagsleyfis.	Nei
Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling fellur úr gildi (e. <i>Suspension Expiry Date</i>)	Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling Bandalagsleyfis fellur úr gildi.	Nei
Ökutækjum sem er stjórnað (e. <i>Managed Vehicles</i>)	Fjöldi ökutækja sem er stjórnað, eins og tilgreint er í skránni.	Já
<i>Upplýsingar um staðfest eintak</i>		<i>Já</i>
Leyfisnúmer (e. <i>Licence Number</i>)	Raðnúmer á staðfestu eintaki af Bandalagsleyfi flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni (þetta er leyfisnúmerið sem fengið var í beiðninni).	Já

Svar við beiðni um athugun á Bandalagsleyfi (e. <i>Check Community Licence Response</i>)		Skyldubundið
Staða leyfis (e. <i>Licence Status</i>)	Staða staðfests eintaks af Bandalagsleyfi flutningafyrirtækisins, eins og tilgreint er í skránni: — „Virkt“ — „Fellt tímabundið úr gildi“ — „Afturkallað“ — „Fallið úr gildi“ — „Tapað/stolið“ — „Ógilt“ — „Skilað“	Já
Tegund leyfis (e. <i>Licence Type</i>)	Tegund staðfests eintaks af Bandalagsleyfi, eins og tilgreint er í skránni: Yfirlýsing um: — „Bandalagsleyfi fyrir farþegaflutninga“ — „Landsbundið leyfi fyrir farþegaflutninga“ — „Bandalagsleyfi fyrir vöruflutninga“ — „Landsbundið leyfi fyrir vöruflutninga“	Já
Upphafsdagsetning (e. <i>Start Date</i>)	Upphafsdagsetning staðfests eintaks af Bandalagsleyfinu.	Já
Dagsetning niðurfellingar (e. <i>Expiry Date</i>)	Dagsetning þegar staðfest eintak af Bandalagsleyfinu fellur úr gildi.	Já
Dagsetning afturköllunar (e. <i>Withdrawal Date</i>)	Dagsetning afturköllunar á staðfestu eintaki af Bandalagsleyfinu.	Nei
Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar (e. <i>Suspension Date</i>)	Dagsetning tímabundinnar niðurfellingar á staðfestu eintaki af Bandalagsleyfinu.	Nei
Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling fellur úr gildi (e. <i>Suspension Expiry Date</i>)	Dagsetning þegar tímabundin niðurfelling á staðfestu eintaki af Bandalagsleyfinu fellur úr gildi.	Nei

*IV. VIÐAUKI***UMRITUN OG NYSIIS-ÞJÓNUSTA**

1. NYSIIS-algrímið í miðlæga netaldinu skal notað til að kóða nöfn allra flutningastjóra í landsskránni.
2. Þegar aðildarríki leita að flutningastjóra í skránni, með því að beita aðgerðinni „Athugun á óflekkuðu mannorði“, ætti aðalleitartól þeirra ávallt að vera NYSIIS-lykillinn.
3. Að auki geta aðildarríki notað sérsniðið algrími til að fá fleiri niðurstöður.
4. Leitarniðurstöðurnar munu sýna með hvaða leitartóli tiltekin skrá fannst: NYSIIS, CPC eða með eigin aðferð.

*V. VIÐAUKI***ÖRYGGISKRÖFUR**

1. Ávallt verður að nota HTTPS-samskiptareglur til að skiptast á skilaboðum milli miðlæga netaldsins og landskerfanna.
 2. Landskerfi munu nota dreifilyklaskilríki, sem framkvæmdastjórnin gefur út fyrir örugga sendingu skilaboða milli landskerfis og miðlæga netaldsins.
 3. Landskerfi skulu að lágmarki taka upp skilríki sem nota tætalgrímið SHA-2 (SHA-256) fyrir undirskriftir og dreifilykil með 2048 bita.
-

VI. VIÐAUKI

ÞJÓNUSTUSTIG

1. Landskerfi skulu uppfylla eftirfarandi lágmarksþjónustustig:
 - 1.1. Þau skulu vera tiltæk allan sólarhringinn, alla daga vikunnar.
 - 1.2. Tiltækileiki þeirra skal vaktaður með lífsmerki (e. *heartbeat message*) sem sent er frá miðlæga netaldinu.
 - 1.3. Tiltækileiki þeirra skal vera 98% samkvæmt eftirfarandi töflu (tölurnar hafa verið námundaðar að næstu hentugu einingu):

Tiltækileiki sem nemur	jafngildir því að kerfið sé ekki tiltækt		
	Daglega	Mánaðarlega	Árlega
98%	0,5 klukkustundir	15 klukkustundir	7,5 dagar

Aðildarríki eru hvött til að virða daglegt hlutfall tiltækileika, en samt sem áður er viðurkennt að tiltekin nauðsynleg starfsemi, eins og kerfisviðhald, muni kalla á niðritíma sem er lengri en 30 mínútur. Hlutfall tiltækileika á mánaðar- og ársgrundvelli skal áfram vera skyldubundið.

- 1.4. Þau skulu svara a.m.k. 98% beiðna sem sendar eru til þeirra í einum almanaksmánuði.
- 1.5. Þegar send eru svör við athugun á óflekkuðu mannorði, staðfestingar á tilkynningum um brot og svör við athugun á Bandalagsleyfum í samræmi við VIII. viðauka gildir eftirfarandi:
 - 1.5.1. Brugðist skal við beiðnum innan 10 sekúnda.
 - 1.5.2. Samanlagður biðtími vegna beiðni (tíminn sem beiðandi þarf að bíða eftir svari) skal ekki vera lengri en 20 sekúndur.
 - 1.5.3. Þau skulu geta svarað 6 skilaboðum á sekúndu.
- 1.6. Landskerfin mega ekki senda fleiri en tvær beiðnir á sekúndu til ERRU-netaldsins.
- 1.7. Öll landskerfi skulu geta leyst hugsanleg tæknileg vandamál í miðlæga netaldinu eða í landskerfum annarra aðildarríkja. Þessi vandamál geta verið eftirfarandi en einskorðast þó ekki við þau:
 - a) tenging við miðlæga netaldið rofnar,
 - b) ekkert svar berst við beiðni,
 - c) móttaka svara eftir tímalokun skilaboða,
 - d) móttaka óumbeðinna skilaboða,
 - e) móttaka ógildra skilaboða.
2. Miðlæga netaldið skal:
 - 2.1. hafa hlutfall tiltækileika sem nemur 98%,
 - 2.2. senda landskerfum villutilkynningar, annaðhvort í svarskilaboðunum eða með sérstökum villuboðum. Landskerfin skulu á móti taka við þessum sérstöku villuboðum og hafa til staðar stigmögnunarverkflæði (e. *escalation workflow*) til að grípa til viðeigandi aðgerða til að leiðrétta villuna sem tilkynnt er um.

3. Viðhald

Aðildarríki skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar venjubundnar viðhaldsaðgerðir fyrir tilstilli vefhugbúnaðarins, a.m.k. einni viku áður en þau hefja þessar aðgerðir, ef það er tæknilega mögulegt.

*VII. VIÐAUKI***SKRÁNING OG TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

1. Þessi viðauki veitir nánari upplýsingar um skráningar- og tölfræðigögn sem safnast í miðlæga netaldið en ekki hjá aðildarríkjunum.
 2. Til að tryggja persónuvernd skulu gögnin, sem notuð eru til tölfræðilegrar úrvinnslu, vera nafnlaus. Gögn sem auðkenna tiltekinn flutningastjóra, flutningafyrirtæki eða vottorð um starfshæfni munu ekki vera tiltæk til tölfræðilegrar úrvinnslu.
 3. Skráningarupplýsingar skulu halda utan um allar færslur um vöktun og villuleit og skulu gera kleift að taka saman tölfræðilegar upplýsingar varðandi þessar færslur.
 4. Ekki skal geyma persónuupplýsingar lengur en 6 mánuði í skránum. Tölfræðilegar upplýsingar munu verða geymdar í ótakmarkaðan tíma.
 5. Tölfræðigögnin, sem notuð eru til skýrslugjafar, munu innihalda upplýsingar um:
 - a) aðildarríkið sem leggur fram beiðni,
 - b) aðildarríkið sem svarar beiðni,
 - c) tegund skilaboða,
 - d) stöðukóða svarsins,
 - e) dag- og tímasetningu skilaboðanna,
 - f) svörunartíma.
-

VIII. VIÐAUKI

NOTKUN ERRU-KERFISINS

1. ATHUGUN Á ÓFLEKKUÐU MANNORÐI FLUTNINGASTJÓRA

Þegar staðfest er, fyrir tilstilli ERRU-kerfisins, í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009, hvort flutningastjóri sé lýstur óhæfur í einhverju aðildarríkjanna til að stjórna flutningastarfsemi fyrirtækis skulu aðildarríkin senda beiðni um athugun á óflekkuðu mannorði. Aðildarríkin sem svara skulu senda svar við beiðninni um athugun á óflekkuðu mannorði (e. *Check Good Repute Response*).

2. SKIPTI Á UPPLÝSINGUM UM BROT

2.1. Þegar skipst er á upplýsingum um alvarleg brot, með því að nota ERRU-kerfið, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009 eða 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, skal aðildarríkið, þar sem brotið var framið, tilkynna staðfestuaðildarríkinu um það ef flutningafyrirtæki fremur eitt eða fleiri brot innan ramma 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009. Tilkynningin skal gerð með því að senda beiðni um tilkynningu um brot.

2.2. Beiðnin um tilkynningu um brot skal send eins fljótt og unnt er og eigi síðar en sex vikum frá endanlegri ákvörðun í málinu. Í henni skulu vera upplýsingar um brotin, staða viðurlaga sem er beitt og hugsanlegra viðurlaga sem farið er fram á í staðfestuaðildarríkinu.

2.3. Staðfestuaðildarríkið skal svara beiðninni um tilkynningu um brot með því að senda svar við tilkynningu um brot eins fljótt og unnt er og eigi síðar en sex vikum frá endanlegri ákvörðun í málinu þar sem það upplýsir hvort þeim viðurlögum sem aðildarríkið, þar sem brotið var framið, fór fram á, hefur verið beitt og, ef svo er, hver þau viðurlög voru. Ef slíkum viðurlögum er ekki beitt skal tilgreina ástæður þess í svarinu við tilkynningu um brot.

2.4. Í öllum tilvikum skal staðfesta tilkynningu um brot með því að senda staðfestingu um tilkynningu um brot.

3. ATHUGUN Á BANDALAGSLEYFI

3.1. Í tengslum við athugun á Bandalagsleyfinu, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009 og reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, getur aðildarríki, fyrir tilstilli beiðni um athugun á Bandalagsleyfi, sem send er til staðfestuaðildarríkis, óskað eftir upplýsingum um Bandalagsleyfið sem tilgreint er í d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009.

3.2. Staðfestuaðildarríkið skal svara með því að senda svar við beiðni um athugun á Bandalagsleyfi.